

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 283/2023

2024/EES/42/37

frá 27. október 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1577 frá 20. apríl 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu fyrir stöður utan veltubókar sem háðar eru gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu og meðhöndlun á þessum stöðum að því er varðar lögbundnar kröfur um afturvirkar prófanir og kröfuna um úthlutun á hagnaði og tapi samkvæmt óhefðbundinni eiginlíkansaðferð ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1578 frá 20. apríl 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina kröfurnar fyrir innri aðferðarfræði eða ytri aðföng sem notuð eru í eigin líkani fyrir vanskilaáhættu við mat á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 14azzk (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/511) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14azzl. **32023 R 1577**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1577 frá 20. apríl 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu fyrir stöður utan veltubókar sem háðar eru gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu og meðhöndlun á þessum stöðum að því er varðar lögbundnar kröfur um afturvirkar prófanir og kröfuna um úthlutun á hagnaði og tapi samkvæmt óhefðbundinni eiginlíkansaðferð (Stjtið. ESB L 193, 1.8.2023, bls. 1).

14azzm. **32023 R 1578**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1578 frá 20. apríl 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina kröfurnar fyrir innri aðferðarfræði eða ytri aðföng sem notuð eru í eigin líkani fyrir vanskilaáhættu við mat á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum (Stjtið. ESB L 193, 1.8.2023, bls. 7).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2023/1577 og (ESB) 2023/1578, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 193, 1.8.2023, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 193, 1.8.2023, bls. 7.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.